


Rannsóknir á seiðastofnum í Vatnsdalsá árið 2007

Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason

Skagafirði 2007

VMST/07039



Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is**

Inngangur og aðferðir

Fylgst hefur verið óslitið með seiðastofnum á vatnasvæði Vatnsdalsár allt frá árinu 1985. Rafveitt hefur verið víðsvegar og gerðar mælingar á árgangastyrkleika, vexti og fleiri þáttum. Frá árinu 2002 hefur verið bætt við mælibreytum eins og þyngd seiða og útreikningum á heildarþyngd (samanlögð þyngd) seiða á einstökum árköflum. Með svo ómetanlega tímaseríu af gögnum er nú betur og betur hægt að átta sig á og skýra sveiflur í ástandi fiskistofna árinna, reikna fjölda gögnuseiða eftir árum og tengja seiðabúskap við veiði og stærð hrygningarstofns. Í ám þar sem dottið hafa út ár í slíkum rannsóknum er slíkt hinsvegar ekki mögulegt með sama hætti. Fyrir hvert ár sem vantar tapast til að mynda tvö til viðbótar við útreikninga á stærð gögnuseiðaárganga. Veiðifélaga Vatnsdalsár býr því vel að þessu leiti. Í þessari skýrslu fylgja með upplýsingar og útreikningar úr seiðarannsóknum frá árinu 2001.

Árið 2007 var rafveitt í Vatnsdalsá og hliðarám hennar í lok ágúst. Rafveitt var á sömu athugunarstöðum og síðastliðin ár, sjö stöðum í Vatnsdalsá, tveimur í Álku og einum stað í Hólkotskvísl, Vaglakvísl, Tunguá og Kornsa. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 72 – 250 m² en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein yfirferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Þéttleiki var reiknaður út frá fjölda seiða í hverjum árgangi á hverjum stað þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (tölur 1-3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Meðallengd og -þyngd laxa,- bleikju- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum athugunarstað (tölur 4 – 12). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga á hverjum athugunarstað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum stað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $lífþyngd \text{ á } 100m^2 = meðalþyngd (gr) * þéttleiki \text{ á } 100m^2$ (töflur 13-15).

Heildarþéttleiki seiðaárganga allra fisktegundanna í ánum var tekinn saman fyrir árin 2001-2007 (töflur 16-21). Til samanburðar voru tvær mismunandi aðferðir notaðar við útreikningana. Aðferð A: allar stöðvar vega jafnt, óháð stærð þeirra. Þar er þéttleiki seiða reiknaður á hverri stöð fyrir sig og meðaltal tekið af þéttleika stöðvanna (töflur 16-18). Aðferð B: stærð rafveiðistaða hefur áhrif á hlutdeild einstakra rafveiðistaða af heild ($= (\text{heildarfjöldi seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$) (töflur 19-21).

Gögn um meðallengd allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsárkerfinu árin 2001 – 2007 voru einnig tekin saman (töflur 22-24). Ekki var byrjað að vigta seiði í vatnakerfinu fyrr en haustið 2002 svo aðeins var unnt að taka saman meðalþyngd, ástandsstuðla og lífþyngd seiðanna árin 2002-2007 (töflur 25-33).

Veiði

Alls veiddust 854 laxar í Vatnsdalsá sumarið 2007. Á silungasvæðinu veiddust 68 laxar og var 16 þeirra sleppt aftur. Á laxasvæðinu veiddust 786 laxar og var 740 þeirra sleppt aftur í ána (töflur 34 og 35). Heildarfjöldi veiddra urriða og bleikju í Vatnsdalsá var 1509 og var 42 þeirra sleppt (tafla 36). Veiði eftir vikum á laxi og silungi á laxa og silungasvæðum má sjá á myndum 15-17.

Niðurstöður rafveiða

Vatnsdalsá

Neðan við Dalsfoss er efsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá (staður 1, mynd 1). Á þessum stað veiddust aðeins tveir árgangar laxaseiða, tveggja- og þriggja ára seiði, og var þéttleiki þeirra ekki mjög mikill (tafla 1, mynd 2a). Í rafveiðunum 2006 var þarna hinsvegar að finna mjög mikinn þéttleika seiða, vörgamalla til þriggja ára (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST-N/0607). Hvorki veiddust bleikju- né urriðaseiði á stað 1 sumarið 2007 (töflur 2 og 3).

Á rafveiðistað 2, ofan við Stekkjarfoss (mynd 1), fundust fjórir árgangar laxaseiða, mikið var af vorgömlum seiðum en minna af eins-, tveggja- og þriggja ára (tafla 1, mynd 2a). Einnig varð vart við vorgömul bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3a).

Rétt neðan við Forsæludal (staður 3, mynd 1) reyndist vera mikið af tveggja ára laxaseiðum en sá árgangur var einnig áberandi á þessum stað í rafveiðunum 2006, þá eins árs (tafla 1 og Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST-N/0607). Einnig var nokkuð af bæði eins- og þriggja ára laxaseiðum á þessum stað sumarið 2007 (tafla 1, mynd 2a). Auk laxaseiðanna veiddust vorgömul og tveggja ára urriðaseiði en engin bleikjuseiði sáust (töflur 2 og 3, mynd 11).

Rafveiðistaður 5 er rétt ofan ármóta Vatnsdalsár við Álku (mynd 1) veiddist þar nokkuð af eins- og tveggja ára laxaseiðum og vottur fannst af þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Aðeins veiddust eins árs bleikjuseiði og var þéttleiki þeirra ekki mikill (tafla 2, mynd 7) en nokkuð var af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum (tafla 3, mynd 11).

Við ármót Vatnsdalsár og Gilár (staður 7, mynd 1) var mjög mikill þéttleiki eins árs laxaseiða, einnig var þar töluvert af tveggja ára seiðum en minna af bæði vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Mesti þéttleiki bleikjuseiða sem fannst í vatnakerfinu var á þessum stað og voru þau flest vorgömul en einnig fundust eins árs bleikjuseiði (tafla 2, mynd 7) sem og vorgömul urriðaseiði (tafla 3, mynd 11).

Rafveitt var á móts við Hof að venju (staður 8, mynd 1), þar var dágóður þéttleiki vorgamalla laxaseiða en mun minna af eins árs seiðum (tafla 1, mynd 2b). Vart varð við vorgömul bleikjuseiði en meira fannst af vorgömlum urriðaseiðum (töflur 2 og 3, myndir 7 og 11).

Á neðsta rafveiðistaðunum í Vatnsdalsá, neðan Skriðuvaðs (staður 9, mynd 1), veiddist mikið af eins árs laxaseiðum, töluvert af tveggja ára seiðum en minnst af vorgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2b). Engin bleikjuseiði veiddust við Skriðuvaðið en nokkur árgömul urriðaseiði (töflur 2 og 3, mynd 11).

Álka

Neðst í Álkugilinu (staður 2, mynd 1) veiddust engin vorgömul laxaseiði að þessu sinni en nokkuð var af bæði eins- og tveggja ára seiðum auk þess sem þriggja ára seiði sáust (tafla 1, mynd 3). Ekki varð vart við bleikju- eða urriðaseiði (töflur 2 og 3).

Mun meira var af seiðum neðan brúar í Álku (staður 3, mynd 1). Mestur var þéttleiki tveggja ára laxaseiðanna, einnig var mjög mikið af eins árs seiðum en minna var af vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 3). Auk laxaseiðanna fundust þriggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 8) en engin urriðaseiði (tafla 3).

Hólkotskvísl

Rétt ofan ármóta Hólkotskvíslar og Vaglakvíslar (staður 5, mynd 1) var veitt að venju en þetta árið fundust þar engin seiði (töflur 1-3). Haustið 2006 veiddust nokkur tveggja ára laxaseiði á þessum stað (Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST-N/0607). Athygli vakti einmitt fyrir nokkrum árum að hrygning skyldi hafa átt sér stað á þessu svæði.

Vaglakvísl

Í Vaglakvísl var einnig veitt rétt ofan ármóta hennar við Hólkotskvísl (staður 3, mynd 1). Þar fundust nú tveir árgangar laxaseiða, tveggja- og þriggja ára seiði og var þéttleiki þeirra nokkuð mikill (tafla 1, mynd 4). Nokkur urriðaseiði veiddust í Vaglakvísl og voru þau eins- og fjögurra ára (tafla 3, mynd 12).

Tunguá

Neðan brúar í Tunguá (staður 2, mynd 1) veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára. Langmestur var þéttleiki eins árs seiðanna en minnst var af vorgömlum seiðum og þriggja ára (tafla 1, mynd 5). Eins árs bleikjuseiði veiddust á þessum stað í nokkrum þéttleika (tafla 2, mynd 9). Einnig veiddust þrír árgangar urriðaseiða, vorgömul, eins- og tveggja ára (tafla 3, mynd 13).

Kornsá

Rafveitt var rétt ofan brúar í Kornsá (staður 4, mynd 1), þar var mikill þéttleiki bæði vorgamalla og eins árs laxaseiða en einnig sáust þar tveggja ára seiði (tafla 1, mynd

6). Vorgömul bleikju- og urriðaseiði veiddust í Kornsa og var þéttleiki urriðaseiðanna töliverður (tölur 2 og 3, myndir 10 og 14).

Stærð, vöxtur og magn seiða

Vöxtur laxaseiða í Vatnsdalsá hefur verið óvenjugóður undanfarin ár ef frá er skilið sumarið 2006 sem var í kaldara lagi. Eins-, tveggja- og þriggja ára seiðin í rafveiðunum 2007 báru þessu kalda sumars merki og voru minni en sést hefur í ánni síðustu 7 ár þrátt fyrir að holdafar þeirra væri gott. Ágætt árferði 2007 gerði það hinsvegar að verkum að vorgömul seiði voru nokkuð stór í Vatnsdalsá og hliðarám hennar (tölur 4 og 22). Vorgömlu seiðin voru stærst við Skriðuvaðið í Vatnsdalsá og neðst í Álku en eldri seiði voru einna stærst á efstu rannsóknastöðvunum tveimur í Vatnsdalsá, við Skriðuvaðið og í Kornsa (tafla 4).

Holdafar eða ástand seiða allra árganga var mjög gott (tölur 6 og 24) en einna best var það við Skriðuvaðið þar sem ástandsstuðlar allra árganga voru um eða yfir 1,2 (tafla 6), almennt viðmiðunargildi fyrir ástand laxaseiða er 1,0. Svipaða sögu var að segja af bleikju- og urriðaseiðum, vorgömul seiði voru nokkuð stórvaxin en eldri árgangar aðeins minni en undanfarin ár, holdafar seiðanna var þó mjög gott eins og laxaseiðanna (tölur 7-12, 23-24 26-27 og 29-30).

Lífþyngd laxaseiða (áætlaður heildarþungi seiða) var mest á neðsta stað í Álku eins og í rafveiðunum 2006, einnig var tölverð lífþyngd á rafveiðistöðunum í Vaglakvísl, Tunguá og við Skriðuvað (stöð 9 í Vatnsdalsá, tafla 13). Á flestum þessum stöðum var það nokkuð stór árgangur tveggja ára seiða sem stóð undir lífþyngdinni en einnig vógu eins árs seiði tölvert (tafla 13). Lífþyngd er reiknuð út frá þéttleika og þyngd seiða og vega eldri seiði því meira en þau yngri vegna stærðar sinnar. Langmest var lífþyngd vorgamalla seiða á stað 2 í Vatnsdalsá, lífþyngd eins árs seiða var mest í Tunguá, tveggja ára seiða neðst í Álku og þriggja ára seiða í Vaglakvísl (tafla 13). Lífþyngd í Vatnsdalsá og hliðarám hennar var nokkuð minni en í rafveiðunum 2006 en mun meiri en árin þar á undan. Lífþyngd minnkar í öllum ánum milli ára nema í Vaglakvísl og Kornsa (tafla 31). Ef hinsvegar er miðað við lífþyngd ársins 2005 jókst hún eða stóð í stað á langflestum stöðum (tafla 31). Lífþyngd bleikju- og urriðaseiða er nokkuð svipuð milli ára (tölur 32-33).

Almennar umræður


Seiði í Vatnsdalsá og hliðarám hennar hafa vaxið óvenjuvel undanfarin ár og má að hluta til skýra það með nokkuð góðu tíðarfari. Þetta varð til þess að seiði fóru að ganga yngri til sjávar en áður. Sumarið 2006 var hinsvegar kalt og þokusamt og vöxtur seiða minni en árin á undan. Þrátt fyrir að seiði hafi vaxið vel sumarið 2007 má glögglega sjá afleiðingar sumarsins 2006 í stærð seiða í rafveiðunum 2007 þar sem eldri árgangar eru tiltölulega smáir en vorgömlu seiðin vel stór. Vegna þessa mun minni hluti tveggja ára seiða ganga til sjávar vorið 2008 en undanfarin ár og myndast því nokkuð gap í gönguseiðabúskap árinna. Það vill þó svo vel til að þéttleiki tveggja ára seiða í vatnakerfinu var mjög mikill og því mun þrátt fyrir allt, töluverður fjöldi seiða ganga út og gapið því verða mun minna en ef hægt hefði á vexti fyrir þremur eða fjórum árum. Einnig var enn töluvert eftir af þriggja ára seiðum í ánum og munu þau standa að mestu undir göngunni vorið 2008.

Seiði hafa skilað sér mjög vel milli ára undanfarin ár í Vatnsdalsá og hliðarám hennar og ef svo heldur áfram er útlitið gott hvað varðar seiðagöngur næstu árin, stór hluti hins stóra tveggja ára árgangs mun ganga út 2009 ásamt hluta eins árs seiðanna í rafveiðunum 2008 sem reyndist mjög sterkur árgangur. Rafveiðar sumarið 2008 munu leiða betur í ljós hve stór gangan hefur verið vorið 2008 og væntanlega verður vorið 2009. Forvitnilegt verður að sjá hvornig sú aukna hrygning sem orðið hefur í ánni haustið 2007 skilar sér í nýliðun í ánni og árgangastyrkleika.






Þrátt fyrir að seiðin hafi verið smærri en undanfarin ár er holdafar þeirra mjög gott í öllum ánum í vatnakerfinu. Hinn mikli þéttleiki seiða sem verið hefur í ánni síðustu tvö ár virðist því ekki hafa haft áhrif á fæðuframboð seiðanna og greinilegt að áin getur vel borið það að vera svo vel setin seiðum sem raun ber vitni þessi árin.

Nokkuð minna fannst af bæði bleikju- og urriðaseiðum í rafveiðunum 2007 en 2006 en þá var þéttleiki urriðaseiða reyndar nokkuð mikill. Ástand bleikju- og urriðaseiðanna var svipað og laxaseiðanna, vorgömul seiði voru í stærri kantinum en eldri árgangar, sérstaklega árgömul seiði, örlítið smærri en undanfarin ár. Holdafar þeirra var þó einnig mjög gott.



Á heildina litið er ástand laxastofna vatnasvæðis Vatnsdalsár mjög gott, seiði eru vel dreifð um árnar og flestir árgangar nokkuð stórir. Þó seiðin séu ekki eins stór og síðustu ár er holdafar þeirra mjög gott. Ganga seiða úr Vatnsdalsá vorið 2007 hefur verið ein sú allra stærsta undanfarin 25 ár. Einnig var ganga seiða úr ánni mikil vorið 2006 og meiri en í mörg ár þar á undan. Kom það berlega í ljós í smálaxaveiðinni sumarið 2007. Búast má við nokkrum stórlaxi á móti sumarið 2008 og ef þokkalegar heimtur verða úr hafi, mjög góðum smálaxagöngum. Ganga seiða úr ánni verður nokkru minni vorið 2008, en engu að síður sterkari en flest undanfarin ár. Ef seiði halda áfram að skila sér vel milli ára í ánni er einnig gott útlit fyrir göngur úr ánni vorið 2009 en það mun koma betur í ljós við rafveiðar næsta haust. Veiði hefur verið nokkuð góð samanborði við aðrar veiðiár síðustu ár og sérstaklega 2007. Góðar forsendur eru til að spá jafnvel enn betri veiði sumarið 2008.





Mynd 1: Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám.




Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2007.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2007.




Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Álku sumarið 2007.







Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vaglakvísl sumarið 2007.




Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Tunguá sumarið 2007.




Mynd 6: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Kornsó sumarið 2007.




Mynd 7: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnsdalsá sumarið 2007.




Mynd 8: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Álku sumarið 2007.




Mynd 9: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Tunguá sumarið 2007.




Mynd 10: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Kornsa sumarið 2007.




Mynd 11: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá sumarið 2007.




Mynd 12: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vaglakvísl sumarið 2007.




Mynd 13: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Tunguá sumarið 2007.




Mynd 14: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Kornsá í sumarið 2007.



Mynd 15: Vikuleg laxveiði á silungasvæði í Vatnsdalsá árið 2007.



Mynd 16: Vikuleg laxveiði á laxasvæði í Vatnsdalsá árið 2007.



Mynd 17: Vikuleg bleikju- og urriðaveiði í Vatnsdalsá allri árið 2007.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2007.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	250			2,00	0,40	
Vatnsdalsá-staður 2	224	14,73	1,34	1,79	1,79	
Vatnsdalsá-staður 3	184		5,43	15,22	1,09	
Vatnsdalsá-staður 5	140		8,57	5,71	0,71	
Vatnsdalsá-staður 7	105	1,90	39,05	9,52	0,95	
Vatnsdalsá-staður 8	216	5,09	0,93			
Vatnsdalsá-staður 9	168	1,79	23,21	8,33		
Álka-staður 2	230		3,91	3,48	0,43	
Álka-staður 3	105	1,90	20,00	31,43	1,90	
Hólkotskvísl-staður 5	158					
Vaglakovísl-staður 3	81			13,58	4,94	
Tunguá-staður 2	84	1,19	35,71	7,14	1,19	
Kornsá-staður 4	72	8,33	18,06	1,39		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2007.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	250					
Vatnsdalsá-staður 2	224	0,89				
Vatnsdalsá-staður 3	184					
Vatnsdalsá-staður 5	140		0,71			
Vatnsdalsá-staður 7	105	6,67	0,95			
Vatnsdalsá-staður 8	216	0,46				
Vatnsdalsá-staður 9	168					
Álka-staður 2	230					
Álka-staður 3	105				0,95	
Hólkotskvísl-staður 5	158					
Vaglakovísl-staður 3	81					
Tunguá-staður 2	84		2,38			
Kornsá-staður 4	72	1,39				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2007.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	250					
Vatnsdalsá-staður 2	224					
Vatnsdalsá-staður 3	184	2,72		1,09		
Vatnsdalsá-staður 5	140	5,00	2,86			
Vatnsdalsá-staður 7	105	0,95				
Vatnsdalsá-staður 8	216	2,78				
Vatnsdalsá-staður 9	168		1,79			
Álka-staður 2	230					
Álka-staður 3	105					
Hólkotskvísl-staður 5	158					
Vaglakvísl-staður 3	81		1,23			1,23
Tunguá-staður 2	84	2,38	2,38	2,38		
Kornsá-staður 4	72	6,94				

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2007.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1							10,46	0,75	5	12,00		1
Vatnsdalsá-st. 2	4,23	0,40	33	7,63	0,21	3	9,33	0,30	4	11,08	0,22	4
Vatnsdalsá-st. 3				6,15	0,30	10	8,73	0,90	28	12,05	0,21	2
Vatnsdalsá-st. 5				6,56	0,34	12	8,34	0,55	8	10,00		1
Vatnsdalsá-st. 7	4,25	0,07	2	6,05	0,34	41	8,18	0,55	10	11,10		1
Vatnsdalsá-st. 8	4,30	0,29	11	6,05	0,64	2						
Vatnsdalsá-st. 9	4,67	0,15	3	6,91	0,45	39	9,72	0,77	14			
Álka-staður 2				6,79	0,41	9	8,65	0,77	8	10,70		1
Álka-staður 3	4,60	0,14	2	6,44	0,27	21	8,85	0,64	33	10,70	1,41	2
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakovísl-st. 3							9,55	0,54	11	11,40	0,36	4
Tunguá-staður 2	4,00		1	6,42	0,43	30	9,48	0,71	6	11,00		1
Kornsá-staður 4	4,07	0,10	6	6,96	0,82	13	9,70		1			
Samtals	4,26	0,36	58	6,51	0,56	180	8,99	0,88	128	11,19	0,67	17

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2007.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1							13,36	3,25	5	20,50		1
Vatnsdalsá-st. 2	0,82	0,27	33	4,93	0,67	3	9,58	0,81	4	16,28	1,84	4
Vatnsdalsá-st. 3				2,44	0,38	10	7,41	2,20	28	19,20	1,27	2
Vatnsdalsá-st. 5				2,89	0,37	12	6,21	1,14	8	11,90		1
Vatnsdalsá-st. 7	0,75	0,07	2	2,32	0,40	41	5,88	1,24	10	13,40		1
Vatnsdalsá-st. 8	0,82	0,16	11	2,50	0,71	2						
Vatnsdalsá-st. 9	1,23	0,12	3	3,99	0,74	39	11,21	2,50	14			
Álka-staður 2				3,18	0,65	9	6,76	1,87	8	13,70		1
Álka-staður 3	1,15	0,07	2	3,29	0,38	21	8,34	2,07	33	14,30	5,52	2
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3							9,93	1,70	11	16,25	1,64	4
Tunguá-staður 2	0,70		1	2,84	0,54	30	9,10	1,94	6	14,80		1
Kornsá-staður 4	0,73	0,08	6	3,52	1,17	13	9,30		1			
Samtals	0,84	0,24	58	3,10	0,88	180	8,44	2,67	128	15,96	2,82	17

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1							1,15	0,09	5	1,19		1
Vatnsdalsá-st. 2	1,05	0,14	33	1,11	0,09	3	1,18	0,08	4	1,19	0,08	4
Vatnsdalsá-st. 3				1,04	0,05	10	1,08	0,04	28	1,10	0,01	2
Vatnsdalsá-st. 5				1,02	0,06	12	1,06	0,06	8	1,19		1
Vatnsdalsá-st. 7	0,98	0,04	2	1,04	0,06	41	1,06	0,05	10	0,98		1
Vatnsdalsá-st. 8	1,02	0,12	11	1,12	0,03	2						
Vatnsdalsá-st. 9	1,21	0,04	3	1,20	0,05	39	1,21	0,08	14			
Álka-staður 2				1,00	0,04	9	1,02	0,03	8	1,12		1
Álka-staður 3	1,18	0,04	2	1,23	0,06	21	1,18	0,07	33	1,14	0,00	2
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3							1,13	0,06	11	1,09	0,02	4
Tunguá-staður 2	1,09		1	1,07	0,08	30	1,05	0,02	6	1,11		1
Kornsá-staður 4	1,09	0,12	6	1,01	0,06	13	1,02		1			
Samtals	1,06	0,13	58	1,10	0,10	180	1,12	0,09	128	1,13	0,07	17

Tafla 7: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2007.

Staður nr.	0+			1+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2	5,80	0,42	2						
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5				7,70		1			
Vatnsdalsá-st. 7	4,96	0,41	7	7,10		1			
Vatnsdalsá-st. 8	5,20		1						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3							13,60		1
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakovísl-st. 3									
Tunguá-staður 2				8,60	0,14	2			
Kornsá-staður 4	5,10		1						
Samtals	5,15	0,48	11	8,00	0,74	4	13,60		1

Tafla 8: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2007.

Staður nr.	0+			1+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2	1,75	0,49	2						
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5				4,50		1			
Vatnsdalsá-st. 7	1,16	0,27	7	3,10		1			
Vatnsdalsá-st. 8	1,30		1						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3							22,90		1
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakovísl-st. 3									
Tunguá-staður 2				6,00	0,57	2			
Kornsá-staður 4	1,10		1						
Samtals	1,27	0,36	11	4,90	1,43	4	22,90		1

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			3+		
	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2	0,88	0,06	2						
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5				0,99		1			
Vatnsdalsá-st. 7	0,93	0,03	7	0,87		1			
Vatnsdalsá-st. 8	0,87		1						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3							0,91		1
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglaskvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2				0,94	0,04	2			
Kornsá-staður 4	0,83		1						
Samtals	0,91	0,04	11	0,93	0,06	4	0,91		1

Tafla 10: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2007.

Staður nr.	0+			1+			2+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	5,14	0,13	5				12,40	0,57	2			
Vatnsdalsá-st. 5	5,19	0,42	7	8,58	0,35	4						
Vatnsdalsá-st. 7	4,80		1									
Vatnsdalsá-st. 8	4,45	0,19	6									
Vatnsdalsá-st. 9				8,90	0,10	3						
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3				8,20		1				16,80		1
Tunguá-staður 2	4,90	0,00	2	8,05	0,92	2	9,75	0,21	2			
Kornsá-staður 4	5,14	0,50	5									
Samtals	4,96	0,43	26	8,53	0,50	10	11,08	1,57	4	16,80		1

Tafla 11: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2007.

Staður nr.	0+			1+			2+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	1,48	0,24	5				23,65	2,05	2			
Vatnsdalsá-st. 5	1,63	0,38	7	6,93	0,76	4						
Vatnsdalsá-st. 7	1,20		1									
Vatnsdalsá-st. 8	1,00	0,15	6									
Vatnsdalsá-st. 9				8,83	1,02	3						
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3				6,80		1				60,7		1
Tunguá-staður 2	1,30	0,00	2	5,75	2,19	2	9,75	0,78	2			
Kornsá-staður 4	1,58	0,41	5									
Samtals	1,40	0,37	26	7,25	1,54	10	16,70	8,12	4	60,7		1

Tafla 12: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	1,08	0,10	5				1,24	0,06	2			
Vatnsdalsá-st. 5	1,15	0,05	7	1,10	0,10	4						
Vatnsdalsá-st. 7	1,09		1									
Vatnsdalsá-st. 8	1,13	0,05	6									
Vatnsdalsá-st. 9				1,25	0,10	3						
Álka-staður 2												
Álka-staður 3												
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglakvísl-st. 3				1,23		1				1,28		1
Tunguá-staður 2	1,10	0,00	2	1,07	0,05	2	1,06	0,15	2			
Kornsá-staður 4	1,15	0,10	5									
Samtals	1,12	0,07	26	1,15	0,11	10	1,15	0,14	4	1,28		1

Tafla 13: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)				
	0+	1+	2+	3+	Samtals
Vatnsdalsá-st. 1			26,7	8,2	34,9
Vatnsdalsá-st. 2	12,1	6,6	17,1	29,1	64,9
Vatnsdalsá-st. 3		13,3	112,7	20,9	146,8
Vatnsdalsá-st. 5		24,8	35,5	8,5	68,8
Vatnsdalsá-st. 7	1,4	90,5	56,0	12,8	160,7
Vatnsdalsá-st. 8	4,2	2,3			6,5
Vatnsdalsá-st. 9	2,2	92,7	93,4		188,3
Álka-staður 2		12,4	23,5	6,0	41,9
Álka-staður 3	2,2	65,8	262,1	27,2	357,3
Hólkotskvísl-st. 5					0,0
Vaglakovísl-st. 3			134,8	80,2	215,1
Tunguá-staður 2	0,8	101,5	65,0	17,6	185,0
Kornsá-staður 4	6,1	63,5	12,9		82,5

Tafla 14: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					
	0+	1+	2+	3+	4+	Samtals
Vatnsdalsá-st. 1						0,0
Vatnsdalsá-st. 2	1,6					1,6
Vatnsdalsá-st. 3						0,0
Vatnsdalsá-st. 5		3,2				3,2
Vatnsdalsá-st. 7	7,7	3,0				10,7
Vatnsdalsá-st. 8	0,6					0,6
Vatnsdalsá-st. 9						0,0
Álka-staður 2						0,0
Álka-staður 3				21,8		21,8
Hólkotskvísl-st. 5						0,0
Vaglakovísl-st. 3						0,0
Tunguá-staður 2		14,3				14,3
Kornsá-staður 4	1,5					1,5

Tafla 15: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Vatnsdalsá-st. 1						0,0
Vatnsdalsá-st. 2						0,0
Vatnsdalsá-st. 3	4,0		25,7			29,7
Vatnsdalsá-st. 5	8,1	19,8				27,9
Vatnsdalsá-st. 7	1,1					1,1
Vatnsdalsá-st. 8	2,8					2,8
Vatnsdalsá-st. 9		15,8				15,8
Álka-staður 2						0,0
Álka-staður 3						0,0
Hólkotskvísl-st. 5						0,0
Vaglakvísl-st. 3		8,4			74,9	83,3
Tunguá-staður 2	3,1	13,7	23,2			40,0
Kornsá-staður 4	11,0					11,0

Tafla 16b: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2007 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Vaglakovísli												
2001	1	350	350				0,57					
2002	1	140	140						0,71			
2003	1	185	185	6,49	2,70		2,70		0,54			0,54
2004	1	208	208		13,94		1,92		0,96			
2005	1	120	120		6,67		7,50		3,33			
2006	1	174	174	5,17	25,86		4,60		1,72			
2007	1	81	81				13,58		4,94			
Tunguá												
2001	1	480	480		5,42		1,88		0,83			
2002	1	234	234		3,85		6,41		2,14			
2003	1	320	320	0,31	4,69				1,25			
2004	1	325	325	4,31	9,54		2,15		0,62			
2005	1	160	160	8,75	7,50		1,25		1,88			
2006	1	224	224	11,61	37,50		7,59		0,45			
2007	1	84	84	1,19	35,71		7,14		1,19			
Kornsá												
2001	1	306	306		4,90		0,98					
2002	1	240	240	0,83	1,67		0,83					
2003	1	333	333		3,00		0,90		0,30			
2004	1	212	212	15,09	6,60		0,94					
2005	1	189	189	3,70	10,05		2,12					
2006	1	315	315	1,27	7,94		1,90					
2007	1	72	72	8,33	18,06		1,39					

Tafla 17a: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2007 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá og hliðarár								
2001	14	5888	421	0,62	0,07	0,02		
2002	15	4818	321	2,24	0,27	0,17		0,03
2003	16	4798	300	2,86	0,27	0,10		
2004	15	5204	347	2,31	0,20	0,16		
2005	15	3454	230	0,57	0,10	0,08		
2006	13	2822	217	1,72	0,16			0,05
2007	13	2017	155	0,72	0,31		0,07	
Vatnsdalsá								
2001	6	2437	406	1,30				
2002	7	2850	407	4,55	0,35	0,30		
2003	7	2304	329	5,17	0,25	0,15		
2004	7	2183	312	4,89	0,32	0,29		
2005	7	1652	236	1,15	0,14	0,10		
2006	7	1661	237	3,20	0,11			
2007	7	1287	184	1,15	0,24			
Álka								
2001	3	1600	533	0,19		0,11		
2002	3	1004	335					0,15
2003	3	1036	345			0,19		
2004	3	1746	582		0,09			
2005	3	975	325		0,19	0,19		
2006	2	310	155		0,63			0,31
2007	2	335	167,5				0,48	

Tafla 17b: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2007 reiknaður með aðferð A.

